

Aukaþing SSNE 10. desember 2021

Skýrsla um framvindu starfsáætlunar 2021

Komið þið heil og sæl og verið hjartanlega velkomin á auka ársþing SSNE. Ég verð að viðurkenna að enn og aftur er það svekkjandi að við náum ekki að hittast, en allt kapp verður lagt á að slíkt hafist í vor á ársþinginu okkar í apríl. Í maí eru síðan sveitarstjórnarkosningar og margir kjörnir fulltrúar líklega að hverfa á braut og nýir koma í þeirra stað. Ég hef alla trú á því að það félag sem við höfum í sameiningu skapað á þessu kjörtímabili muni halda áfram að dafna og verða okkur mikilvægt.

Stjórn SSNE

Ég vil hefja leikinn á stuttri upprifjun, en stjórn SSNE er þannig skipuð:

- Hilda Jana Gísladóttir, formaður, Akureyrarbær
- Kristján Þór Magnússon, varaformaður, Norðurþing
- Jón Stefánsson, Eyjafjarðarsveit
- Sigurður Þór Guðmundsson, Svalbarðshreppur
- Þröstur Friðfinnsson, Grýtubakkahreppur
- Helga Helgadóttir, Fjallabyggð
- Eva Hrund Einarsdóttir, Akureyrarbær

Starfsfólk SSNE

Starfsfólk SSNE er:

- Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjóri á Tröllaskaga
- Ari Páll Pálsson, verkefnastjóri Húsavík
- Arna Björg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri Glæðum Grímsey
- Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri Akureyri
- Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri
- Gunnar Már Gunnarsson, verkefnisstjóri Betri Bakkafjörður
- Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri Húsavík
- Kolfinna María Níelsdóttir, kynningar og markaðsmál
- Nanna Steina Höskuldsdóttir, verkefnastjóri Raufarhöfn
- Rebekka K. Garðarsdóttir, verkefnastjóri, Akureyri
- Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri fjármála og reksturs
- Silja Jóhannesar Ástudóttir, verkefnastjóri Húsavík

Hlutverk SSNE

Og þá að hlutverki samtakanna, sem ég er sannfærð um að mikilvægt sé að rifja upp reglulega

- SSNE skal vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu.

- Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum með eftirfarandi hætti:
 - Innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðaaætlun, þ.á.m. með úthlutun fjármuna og styrkja til einstakra verkefna, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaráætlun
 - Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins
 - Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögunum sameiginleg innan starfssvæðisins
 - Stuðla að öflugum atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi
 - Annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki SSNE

Starfsáætlun og upplýsingagjöf

Starfsáætlanir stjórnar SSNE hafa verið lagðar fram bæði fyrir árið í ár og komandi ár. Ég vil gjarnan nefna nokkur verkefni sem eru í vinnslu og gefur okkur aðeins innsýn í framgang starfsáætlunar, en það yrði til þess að æra óstöðugan að fara yfir það allt, enda ansi margir boltar á lofti. Ég tel að upplýsingagjöf samtakanna séu í góðum farvegi og að áhugasamir ættu að geta kynnt sér nánast allt sem er í gangi hjá félaginu. Fréttabréf SSNE kemur út mánaðarlega og er það mjög upplýsandi og hreinlega skemmtilegt. SSNE hefur verið öflugt á samfélagsmiðlum t.d. Facebook og Instagram., um að gera að fylgjast með þeim þar ef þið gerið það ekki nú þegar. Fundargerðir stjórnar eru að sjálfsgöðu aðgengilegar og að lokum má nefna að SSNE hefur sett upp Youtube síðu, en þar má finna upptökur frá viðburðum og fundum. Ég vil sérstaklega hvetja áhugasama sem ekki náði að sækja þann fund að kíkja á upptöku um framgang og stöðu áhersluverkefna. Sá fundur og kynning á áhersluverkefnum var mjög upplýsandi. Þar eru eftirfarandi verkefni kynnt:

Dæmi um áhersluverkefni í vinnslu

- **Samgöngustefna:** Fyrsta áfanga lokið með skýrslu um Mögulegar framkvæmdir í Vegagerð á Norðurlandi eystra sem RHA tók að sér að vinna fyrir Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Markmið verkefnisins er að greina framtíðar vegaf framkvæmdir eða samgöngukosti sem varða starfssvæði SSNE þannig að þeir komist í umræðu og í framhaldinu sé unnt að forgangsraða völdum kostum kerfisbundið á einhvern hátt með hag almennings og atvinnu- og efnahagslífs landshlutans í huga. Næsta skref í þeirri vinnu er t.d. fundur með Vegagerðinni vegna undirbúnings á stöðumati, að mynda vinnuhóp með kjörnum fulltrúum og vinna að nánari skilgreiningu á áframhaldi verkefnisins.
- **Nýsköpun á Norðurlandi:** Verkefnið hefur það markmið að styðja við og efla nýsköpun og frumkvöðlastarf á N. eystra. Dæmi um verkefni eru Ratsjáin, Hacking Norðurland, Nýsköpunarvika, Norðanátt, Matsjáin og vinnustofa í umsóknarskrifum og frumkvæði, auk sérstaks stuðning við umsóknarskrif í stærri sjóði.

- **VELTEK**, heilbrigðis og velferðartækniklasi Norðurlands: Perla Björk Egilsdóttir, verkefnastjóri. Markmið klasans að skapa tækifæri og stuðla að þróun í heilbrigðis- og velferðarþjónustu með því að leiða saman hagaðila. Auk markmiðs um betri þjónustu og betra aðgengi notenda að heilbrigðis og velferðarþjónustu óháð búsetu en markmiðið er einnig að miðla þekkingu og reynslu í velferðar- og heilbrigðismálum til stofnana og sveitarfélaga á starfssvæðinu. En þess má geta að Veltek klasinn er orðinn meðlimur í danska velferðartækniklasanum Carenet, auk þess að taka þátt í evrópskum fókus hópum. Þá er stefnt á ráðstefnu í sumarbyrjun 2022. Þetta verkefni fékk einnig styrk úr Lóu sjóðnum.
- **Upptakturinn**: tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna á N. eystra.
- **Safnastefna**: markmið að efla samvinnu safna, vinna sameiginlega markaðsstefnu fyrir söfn og setur á svæðinu og vinna sameiginlega fræðslustefnu fyrir söfn og setur á svæðinu. Næstu skref að funda með helstu forsvarsmönnum safna og setra á svæðinu.
- **Ásgarður**, skóli í skýjunum: spennandi verkefni um skóla í skýjunum – verkefnið virðist vera að vekja mikla athygli og virðist fá byr undir báða vængi og geta orðið mjög öflugt ekki síst fyrir grunnskólastarf í hinum dreifðari byggðum.
- **Norðurslóðamiðstöð Íslands**: tækifæri á NA landi í Norðurslóðasamstarfi. Kortlagning og kynning.
- **Listnám á háskólastigi**: í vinnslu, ráðstefna framundan, samstarf við Listaháskóla Íslands.
- **Umhverfismál á N. eystra**: Hefur verið töluverð áhersla hjá samtökunum. Umhverfisnefnd var stofnuð. Markmið og mælikvarðar sóknaráætlunar endurmetnir. Stefnt að hagkvæmnimati á líforkuveri, rætt um svæðisáætlun í meðhöndlun sorps vegna breyttra laga, kynningarfundir m.a. um starfsemi umhverfisstofnunar sem tengist hringrásarhagkerfinu og verkfærakistu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lagabreytingar í sorpmálum.
- **Beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll**: Markmiðið að koma á beinu reglubundnu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll, margt áhugavert sem fram kom um þetta á kynningarfundinum um framgang og stöðu áhersluverkefna sem um er að gera að horfa á.

Ýmsar vinnustofur, málþing, verkefni og fundir

Ýmsar vinnustofur, málþing, verkefni og fundir hafa verið haldnir, ég vil kannski draga fram nokkur verkefni:

- Málþingið „Aukin raforka í Eyjafirði, tækifæri eða talsýn?“ var haldin í samstarfi SATA samtök atvinnurekenda á Akureyri, Akureyrarbæ og SSNE.
- Verkefnið Bismentors hefur verið lengi í vinnslu en nú er komin heimasíða sem þess virði er að benda á en slóðin er <https://bizmentors.eu>
- Á heimasíðu SSNE er búið að setja ýmsar upplýsingar varðandi umhverfis, loftslags og sorpmál sem gætu verið aðgengileg áhugasömum
- Ungmennaráð og fjölmenningsráð er í mótun
- Og ungmennaping var haldið í Mývatnssveit á dögum

Sóknaráætlun, Uppbyggingasjóður og áhersluverkefni

Sóknaráætlun, Uppbyggingasjóður og áhersluverkefni eru skiljanlega mikilvægar stoðir sóknar okkar á N. eystra. Nú þegar hafa verið auglýstir styrkir í uppbyggingasjóð vegna ársins 2022 og bárust 158 umsóknir.

- 67 vegna atvinnuþróunar og nýsköpunar
- 72 vegna menningar
- 19 vegna stofn og rekstrarstyrkja á sviði menningar
- Úthlutun fer fram í janúar.

Þá er hafinn undirbúningur vegna vals á áhersluverkefnum árið 2022 og verða hugmyndir kynntar og til umræðu síðar á þessum fundi í dag.

Það eru fjölmörg verkefni framundan hjá SSNE, má þar nefna mögulegar og spennandi breytingar á húsnæðismálum SSNE á Húsavík og starf Þekkingavarðar á Akureyri.

Áskoranir og tækifæri

Starf SSNE byggir á því að horfa inn í framtíðina, hvernig getum nýtt tækifæri og tekist á við fyrirséðar áskoranir. Við okkur blasa áskoranir í orkuskiptum, loftslagsmálum, öldrun þjóðarinnar og breytingar í landbúnaði. Covid faraldurinn er enn áskorun bæði í atvinnulífi og samfélagi og samkeppnishæfni landsbyggðanna er stöðug áskorun, þar sem tækniframfarir eru á sama tíma áskorun og tækifæri. Það er okkar að nýta þennan vettvang til þess að takast á við áskoranir og blása til sameiginlegrar sóknar. Því það eru ekki aðeins áskoranir sem blasa við heldur líka bullandi tækifæri.

Að lokum

Að lokum, þegar rýnt er í verkefni SSNE þá eru þau bæði ótrúlega mörg og mikilvæg. Þá hafa áskoranir verið margvíslegar, covid hefur haft áhrif á starf SSNE eins og nánast allt annað í okkar lífi og starfi, enn eru verkefni vegna sameiningar félaganna þriggja, töluverðar mannbreytingar hafa átt sér stað á skömmum tíma og verð ég að segja að miðað við umfang, breytingar og álag þá á starfsfólk og ekki síst Eyþór framkvæmdastjóri skilið mikið hrós fyrir sína vinnu og að halda dampi í starfinu jafn vel og raun ber vitni. Það er ekki sjálfsagt að það gangi svona vel.

Annars þakka ég fyrir mig í bili og vonast til þess að við eigum saman gott þing hér í dag.

Hilda Jana Gísladóttir, formaður SSNE.